



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 12. ágúst 2026
USK26010083

TILLAGA

Rafstöðvavegur – hámarkshraðabreyting

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að Rafstöðvavegur, sunnan við rampa á Vesturlandsvegi, hafi leyfilegan hámarkshraða 30 km/klst.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Í samræmi við samþykktu hámarkshraðaáætlun leggur deild samgangna til að hámarkshraði á Rafstöðvarvegi, sunnan rampa af Vesturlandsvegi, verði lækkaður úr 50 km/klst í 30 km/klst. Á svæðinu austan gömlu rafstöðvarinnar er hvorki gangstétt né stígur samsíða akbrautinni og því þurfa gangandi og hjólandi vegfarendur að fara um akbrautina sjálfa. Í dag er 30 km/klst hámarkshraði í botnlanga Rafstöðvarvegar 17-33.


Með hliðsjón af þessum aðstæðum er mikilvægt að hraðatakmarkanir séu í samræmi við hámarkshraðaáætlun Reykjavíkurborgar og stuðli þannig að auknu öryggi vegfarenda. Tillagan er því talin nauðsynleg til að tryggja öruggi allra vegfarenda og styðja við markmið um bætta umferðaröryggismenningu. Þá ber umhverfi Rafstöðvarvegar á þessum kafla yfirbragð götu með lágan hámarkshraða.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd yfir Rafstöðvaveg með rauðmerktum þeim hluta sem lagt er til að hámarkshraðabreyting nái til, blámerkt er nú þegar með hámarkshraða 30 km/klst
Hjálagt: Skjaskot úr hámarkshraðaáætlun





Reykjavík

✉ RE: Sérákvæði um hámarkshraðabreytingu á Rafstöðvavegi

Móttekið	13.8.2026 08:54:42
Búið til dags.	13.8.2026 09:14:48
Tilheyrir	📁 USK26010083 - Sérákvæði um notkun vega 2026
Frá	Árni Friðleifsson (arni.fridleifsson@lrh.is)
Til	Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is, logi.sigurjonsson@lrh.is, lrh@lrh.is

Innihald

Samþykkt án athugasemda.

Árni Friðleifsson

Aðstoðaryfirlögregluþjónn
Umferðardeild

arni.fridleifsson@lrh.is



UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

environment before printing

Lögreglustjórinn á
höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

lrh@lrh.is
4441000



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

🌲 Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the

From: Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>
Sent: 13.08.2026 08:46
To: Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>
Cc: Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
Subject: Sérákvæði um hámarkshraðabreytingu á Rafstöðvavegi

Góðan daginn

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kveðja



Magnús Ársælsson

Sérfræðingur

Sími: +354 411-1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12–14 105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum
www.reykjavik.is/trunadur



Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>